

## LÖG

### um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.**

1. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 2. og 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

#### II. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.**

2. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

#### III. KAFLI

##### **Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998.**

3. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnun“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnun.

#### IV. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 58/2006, um fiskrækt.**

4. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 2. mgr. 4. gr., 6. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

#### V. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum.**

5. gr.

2. másl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fimm manna fisksjúkdóma-  
nefnd; einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum,  
tvo samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og skal annar vera sérfróður um fersk-

vatnsfiska en hinn um sjávardýr og einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar.

6. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnun“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnun.

#### VI. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.**

7. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 16. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 4. mgr. 17. gr., 1. og 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 19. gr., 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 24. gr., 25. gr., 3. mgr. 27. gr., 3., 5. og 6. mgr. 28. gr., 2. mgr. 29. gr., 3. mgr. 30. gr., 2. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar; og í stað orðsins „Veiðimálastofnun“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnun.

#### VII. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.**

8. gr.

Orðið „Veiðimálastofnunar“ í 3. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr., orðin „Veiðimálastofnunar og“ í 1. mgr. 12. gr. og orðin „eða Veiðimálastofnunar“ í 1. mgr. 19. gr. laganna falla brott.

#### VIII. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála.**

9. gr.

Orðið „Veiðimálastofnun“ í 2. mgr. 9. gr. og 1. og 2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

#### IX. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð.**

10. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

#### X. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd.**

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „átta“ í 2. másl. kemur: sjö.
- b. Orðið „Veiðimálastofnun“ í 3. másl. fellur brott.

12. gr.

2. másl. 4. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnun tilnefna einn fulltrúa hver og Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins tilnefna sameiginlega einn fulltrúa.

Nr. 113

10. desember 2015

XI. KAFLI  
**Gildistaka.**  
13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2016.

*Gjört í Reykjavík, 10. desember 2015.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigurður Ingi Jóhannsson.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 11. desember 2015